

MINNINGAR

um þig, elsku Guðrún mín. Þú ert alltof lítil til að vera farin.

Fólk er mislítríkt, svo eru sumir algjörlega litlausir. Guðrún var í öllum regnbogans litum.

Það var ekki hægt að láta sér leiðast í kringum hana. Það skipti engu máli hvað við gerðum saman. Það var allt skemmtilegt með Guðrúnu. Við fórum í óteljandi ferðalög saman, utanlandsferðir, skíðaferðir og alls kyns útilegur, oftast með báðum fjölskyldunum okkar, alveg frá því að við vorum pínulitlar. Við fórum líka einu sinni í tveggja manna mjög eftirminnilega tjaldferð í Borgarholt fyrir nokkrum árum. Við vorum að vísu hvorugar komnar með bílpróf, þannig að Jón eða pabbi skutludu okkur þangað. Við vorum með grill og hestadótið okkar og allar græjur. Þrátt fyrir að ég hafi verið þremur árum eldri en Guðrún hefði fólk sem hlustaði á okkur tala saman líklegast dregið þá ályktun að ég væri yngri manneskjan. Guðrún hafði nefnilega prufað allt og kunni á allt og þegar ég var að hafa endalausar áhyggjur af öllu eins og vanalega hló Guðrún að mér og sagði: „Æ, Sigríður, þú ert svo lítil og saklaus eitthvað, kanntu í alvörunni ekki að grilla?“ Nei ég kunni það ekki og hún þurfti líka að kenna mér á fjórhjólíð sem og margt annað. Það var líka fint að láta Guðrúnu kenna sér. Hún gaf skemmtilegustu og bestu ráð við öllum vandamálum. Sama hvað það var, það var aldrei neitt mál. Hún nennti aldrei neinu væli, enda var ekkert hægt að væla í kringum hana. Manni datt það bara einhvern veginn ekki í hug. Það er ekki þar með sagt að hún hafi ekki verið tilfinninganæm stelpa, hún var það nefnilega. Hún var bara öðruvísi en allir aðrir. Hún skildi að það þýð-

ir ekkert að velta sér upp úr hlutunum, enda fékk hún ekki tíma til þess.

Ég kann ekki að lifa án Guðrúnar og ég vil heldur ekki kunna það. Það er enginn sem getur gert hversdagslegar Ikeaferðir, flugvallabiðir eða sambandsliit að eins mikilli skemmtun. Lífið verður svo óbærilegt án hennar en við verðum samt að reyna að halda áfram að lifa því. Eða „bíta í það síra epli“ eins og hún hefði sagt. Það er erfitt að brjálást ekki yfir tilgangsleysi þessa slyss. Yfir hvað hefði getað orðið ef hún hefði farið varlega og ef hún hefði verið í belti. Ef. En þannig var það ekki og þannig var hún ekki. Það hefði líka enginn sem þekkti hana viljað breyta einu né neinu við hana, því hún var alveg einstök.

Það gat heldur ekki neinn breytt Guðrúnu. Hún þurfti að ganga í gegnum hlutina sjálf og þroskast á sínum hraða. Það er ekki hægt að breyta fólki sem er eiginlega alveg sama hvað öðrum finnst. Guðrún var þannig, hún hafði um skemmtilegri hluti að tala. Það eru því miður alltof fáir eins og hún. Guðrún var ferskur blær inn í þjóðfélag fullt af fólki, sem lætur alla vitlausu hlutina skipta sig máli.

Það eru ekki til nógu sterk orð sem lýsa því hversu sorglegt það er að við fáum ekki að njóta þess lengur að hafa hana í kringum okkur.

Síðasta skiptið sem við töluðum saman var mánudaginn 27. febrúar. Hún var að bjóða mér í afmælið sitt næsta laugardag. Segja mér í hverju hún ætlaði að vera. Hún vissi ekkert hvað hana langaði í í afmælisgjöf af því hún var svo ánægð með það sem fjölskyldan ætlaði að gefa henni. Ég er þakklát fyrir að hafa fengið að heyra í henni þennan dag.

Vinskapur okkar var nefnilega þannig að við gátum alveg sleppt því að tala saman í marga mánuði. Það skipti samt aldrei neinu máli, við vissum alveg hvar við höfðum hvor aðra. Hún var svo traust og yndisleg, ég mun aldrei hlæja aftur eins og ég hló með henni.

Elsku Elísabet, Jón, Pálmi, Jónína og Snæfríður. Ég á engin orð sem lýsa því hversu sárt er að sjá ykkur þurfa að upplifa þennan mikla missi. Þessa síðustu daga hafði þið sýnt styrk sem ekki nokkur manneskja á að þurfa að sýna. Megi Guð og englarnir blessa fallgu fjölskylduna ykkar að eilífu.

Sigríður Erla Viðarsdóttir.

Þegar ástvinir hverfa á braut brotnar hluti af manni og ekkert er til sem græðir. Þegar þessir ástvinir eru ekki einu sinni komnir í blóma en eru rétt að byrja að springa út þá eru engin orð til sem segja hversu mikill harmurinn er. Inn í líf okkar skaust þessi sólargeisli sem hún Guðrún er okkur fyrir nokkrum árum og hefur yljað okkur og lýst eða síðan. Nærvera hennar sem blær nýrra tíma og brosið hennar sveipaði burt allri mæðu. Hún varð fljótt sem ein af fjölskyldunni og áttum við saman góðar stundir. Ekki síst í eldhúsinu þar sem maturinn og tilveran öll voru krydduð af krafti. Guðrún hafði skoðun á matargerð jafnt og öðrum hliðum lífsins og fékk kokkurinn óspart að heyra hvernig staðan var. Krydd var til að nota og var ekki bara til skrauts. Stundum dreyptum við á glasi af víni á meðan maturinn kraumaði og er ég spurði hana hvernig vín hún vildi svaraði hún ídulega: „æ, bara

þetta sem mér þykir svo gott, þú veist“, og ég vissi hvaða vín það var. Tilveran var í jafnvægi hjá okkur.

Guðrún var mikil keppnismanneskja og gat ekki séð að keppni væri til annars en að sigra. Annað sæti var bara fyrir þá sem höfðu tapað fyrsta sætinu. Þeir sem ekki ætluðu að sigra áttu ekki að taka þátt. Í þjóðfélagi sem einkennist af samkeppni telst þetta til kostna en líka er kapp best með forsjá. Guðrún var á þessum aldri sem er svo skemmtilegur og um leið svo erfiður. Þegar allt lífið blasir við fram undan og margar erfiðar ákvarðanir þarf að taka, eins og til dæmis að velja sér braut í námi sem hentar því sem maður vill svo eyða ævinni við. Það var gaman að ræða þetta við hana og einu sinni er þetta kom upp sagði hún mér að til að geta orðið það sem heillaði hana mest þyrfti hún að hressa upp á þýskuna og ákváðum við að við skyldum bara tala þýsku við ákveðin tækifæri. Urðu þessar víðræður spaugilegar og skemmtilegar og skildum við hvort annað ágætlega þó svo við skildum ekki neitt hvort í öðru, og viðstaddir auðvitað alls ekki neitt. Rétt áður en þetta hörmulega slys bar að hafði Guðrún sagt okkur að hún væri alvarlega að hugsa um að læra eitt-hvað sem gæti nýst henni við starf með þroskaheftum börnum og var auðvelt að ímynda sér hana við það.

Við fjölskyldan kveðjum Guðrúnu og þrátt fyrir harminn njótum við minninganna sem við eigum bæði af heimili okkar og úr vinnunni og ekki síður á ferðum saman bæði innanlands og utan.

Minningar úr ferðalögum á mótorhjólunum og á reiðhjólunum í Danmörku í sumar geymast sem sérstakir gullmolar um hvernig all-

ar stundir eiga að vera. Fjölskyldu og aðstandendum öllum færum við okkar dýpstu samúð og megi æðri máttur styrkja ykkur Elísabetu og Jón í ykkar harmi sem ekkert okkar fær skilið.

Elsku Guðrún, farðu í friði.

Hinrik Morthens, Elín Vigfúsdóttir og fjölskylda.

Þegar maður missir ástina og besta vin sinn missir maður meira en stóran hluta af sjálfum sér. Eins og margir vita vorum við Guðrún búin að vera saman í tæplega fjögur ár og hafa það verið bestu ár lífs míns. Ég á eftir að sakna hennar óendanlega mikið og þess tíma sem við vorum saman.

Í mínum augum var Guðrún frábærasta manneskja sem ég hef á ævinni hitt.

Hver einasta stund sem ég lifi án þín
Hvert einasta skref er niður á við
Hver einasta hugsun er tileinkuð þér
Hverja einustu stund langar mig að vera í

faðmi þínum
Hvert einasta tár sem ég fellir fellur til þín
Hver einasta gleðistund mín er vegna þín
Hver einasta minning um þig fyllir mig

þrá
Hvert einasta bros mitt er brosað fyrir þig
Hver einasta snerting mín ætti að snerta þig

Hver einasti partur í líkama mínum
er tileinkaður þér
sem ég þrái
sem ég elska
Hver einasti söknuður minn fer til þín
(Gunnar Pétursson.)

Í minningu Guðrúnar – ég sakna þín.

Orri Morthens.